

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um einkaleyfi til að bræða lýsi úr þorskalifur til lækninga. 1866.
10. janúar.

Í bænarskrá, sem hingað hefir borizt með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 4. nóvembermán. f. á., hefir Oddur Gíslason, kandiðat í guðfræði í Reykjavík sókt um, að sér verði veitt 10 ára einkaleyfi til að bræða lýsi, er haft verði til lækninga, úr þorskalifur, með gufu, bæði á Íslandi og Færeyjum. Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það, að beiðandanum ekki verður veitt það sem hann hefir sókt um.

3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um ábyrgð fyrir ávísunarbréfum, er tekjur af sýslum eru borgaðar með. 10. janúar.

Í skjali, er fylgir í eptirriti með bréfi þessu, hefir sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu, af því að hann er vanur að borga mikinn hluta af tekjunum af sýslunni, sem hann heimtar saman fyrir hönd ríkissjóðsins, í aðalfjárhirzlu ríkisins hér í bænum með ávísunarbréfum uppá verzlunarhús hér, spurt um, hvort hann eigi að hafa ábyrgðina á fê því, sem ávísunarbréfið hljóðar um, ef sá, sem á að greiða fêð, kynni að verða gjaldþrota og ekki geta borgað.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það, að spurningu þessari ber að svara með jáyrði, og eruð þér um leið beðnir um að minna Böving sýslumann á það, sem tekið var fram í bréfi dómsmálastjórnarinnar 3. októbermán. 1864, að honum beri að senda amtinu fyrst bréf sín, þau er hann ritar stjórnarráðinu.